



Fundargerð

Þriðjudaginn 18. nóvember 2014 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólajónustu A-Hún kl. 11.00 á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Jón Gíslason, Valgarður Hilmarsson, Halldór G. Ólafsson, Vignir Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2015

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2015 til fyrri umræðu. Framkvæmdastjóri fór yfir áætlunina og skýrði helstu forsendur hennar. Stjórn ræddi áætlunina, bæði heildarsamantektir og einstaka rekstrarliði.

Valgarður lagði fram svohljóðandi tillögu:

Stjórnin telur óábyrgt og óásættanlegt að halda áfram að fjármagna úr sveitarsjóðum aðildarsveitarfélagnna rekstur Dvalarheimilisins Sæborgar með þeim hætti sem verið hefur. Stjórnin samþykkir að veita fé frá sveitarfélögunum til reksturs til loka maí 2015 eða 6 milljónum króna. Fram að þeim tíma verði unnið að samningum við HSB að veita vistmönnum Sæborgar þá þjónustu sem þeim ber. Einnig verði leitað leiða til að bjóða starfsmönnum Sæborgar störf hjá HSB. Unnið verði að því að koma húsnaði Sæborgar í önnur not.

Tillaga formanns um að vísa tillögu Valgarðs til seinni umræðu um fjárhagsáætlun var felld með tveimur atkvæðum gegn tveimur.

Stjórn var þó sammála um þann skilning að breytingar á samningum milli sveitarfélag um sameiginleg verkefni þurfi að takast upp á vettvangi sveitarstjórnanna.

Fjárhagsáætlun var vísað til seinni umræðu.

2. Hnitbjörg utanhússfrágangur

Fyrir fundinum lá samantekt framkvæmdastjóra á lóðafrágangi við Hnitbjörg. Í samantektinni kemur fram að heildarkostnaður við utanhússfrágang hefur farið umtalsvert fram úr þeim kostnaði sem var áætlaður. Í niðurstöðum kemur fram að kostnaðurinn stefnir í að verða 8.3 milljónir króna. Að teknu tilliti til VSK af vinnu á bygginarstað og þeim verkþáttum sem hefur verið frestað er hægt að gera ráð fyrir að beinn kostnaður sem þarf að leggja út fyrir á árinu 2014 verði samtals 6.758 þús. kr. Í sjóðstreymi áætlunar ársins var gert ráð fyrir 1.500 þús. til þessa verkþáttar. Á árinu 2013 var tekið lán fyrir framkvæmdum við Hnitbjörg sem nam 45 milljónum. Fjárfesting þess árs nam 42.815 þús. Mismunur á lántöku og niðurstöðu er 4.573 þús. Stjórn samþykkti að vísa því til seinni umræðu fjárhagsáætlunar hvernig og hvenær eigi að skipta umræddum kostnaði milli sveitarfélaga.

3. Skúlabraut 22, viðhaldspörf

Fyrir fundinum lá samantekt Bjarna Þórs Einarssonar um viðhaldskostnað á Skúlabraut 22, sambýli fatlaðra á Blönduósi. Í samantektinni er gert kostnaðarmat á þeim verkþáttum sem voru til kynningar í úttekt BÞE sem lögð var fyrir stjórnarfund 22 apríl sl. Í úttektinni og



kostnaðarmatinu er tekin afstaða til viðhaldspátta bæði innan dyra og utan og heildarkostnaður metinn á 5,2 millj. króna en auk þess er gert ráð fyrir að málning innandyrna muni kosta 950 þús. Gert er ráð fyrir 1.900 þús í áætlun og ákveðið að láta það duga fyrir fyrsta áfanga endurbóta.

4. Fundargerðir

- a. Aðalfundur Róta bs., 30.09.2014
Fundargerðin var til kynningar
- b. Stórnar Róta bs. 14.10.2014
Fundargerðin var til kynningar
- c. Þjónustuhóps um málefni fatlaðra, 9.09.2014
Fundargerðin var til kynningar
- d. Þjónustuhóps um málefni fatlaðra, 7.10.2014
Fundargerðin var til kynningar
- e. Þjónustuhóps um málefni fatlaðra, 4.11.2014
Fundargerðin var til kynningar

5. Önnur mál

Umræður urðu um þá ályktun stjórnar að leita leiða til að skoða þörf fyrir almenningssamgöngur og kjósa tvo fulltrúa til að vinna með ráðgjöfum við verkefnið. Samþykkt að gera ráð fyrir kostnaði vegna málsins í fjárhagsáætlun og kjósa fulltrúa á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 14.30

Jón Gíslason,

Halldór G. Ólafsson,

Vignir Sveinsson,

Valgarður Hilmarsson,

Magnús B. Jónsson